

Úthlutunarstefna

1 Tilgangur og markmið

Á Fossum fjárfestingarbanka hf. („Fossar“ eða „bankinn“) hvílir lagaskylda að koma á og viðhalda viðeigandi reglum, stjórnækjum og ferlum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra í tengslum við úthlutun fjármálagerninga. Jafnframt að koma á, innleiða og viðhalda stefnu um úthlutun sem tilgreinir ferlið við mótun ráðgjafar um úthlutun.

Í þeim tilgangi hefur fyrirtækjaráðgjöf Fossa sett sér úthlutunarstefnu þessa, sem taka ber tillit til þegar bankinn hefur umsjón með útboði fjármálagerninga og kemur að úthlutun þeirra til fjárfesta.

Markmið stefnunnar er að tryggja gagnsæi úthlutunarferlisins, efla heiðarlega, sanngjarna og faglega starfshætti í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, lágmarka hagsmunaárekstra þegar starfsmenn bankans veita ráðleggingar um úthlutun til útgefanda og tryggja að farið sé eftir gildandi löggjöf og reglum bankans á hverjum tíma.

Stefnu þessa skal afhenda viðskiptavinum áður en Fossar samþykkja að taka að sér umsjón með útboði eða sölutryggingarþjónustu.

2 Aðkoma viðskiptavinar

Viðskiptavinur (þ.e. útgefandi eða seljandi fjármálagerninga) skal hafður með í ráðum um útboðsferlið svo bankinn geti skilið og tekið tillit til hagsmuna og markmiða hans. Ákveða skal sem fyrst í útboðsferlinu að hve miklu leyti viðskiptavinur hefur aðkomu að m.a. markmiðum og fyrirmælum um úthlutun.

Áður en tillaga að úthlutun í samræmi við grein 3 er útbúin skal ræða við viðskiptavin og skrásetja, eftir því sem við á:

- a) þau markmið sem viðskiptavinur stefnir að með útboði,
- b) hvort og þá hvernig hafa skuli úthlutun eftir flokkum eða tegundum fjárfesta,
- c) hvort og þá hvaða atriði skuli hafa sérstakt vægi við úthlutun, og
- d) önnur þau atriði sem viðskiptavinur óskar þess að Fossar taki tillit til þegar unnið er að tillögu um úthlutun samkvæmt grein 3.

Viðskiptavinum er heimilt að koma að breytingum á framangreindu, með þeim takmörkunum sem leiða kann af lögum. Í því sambandi skal meðal annars hafa í huga að því marki sem þessar upplýsingar hafa verið tilgreindar í lýsingu sem birt hefur verið í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129, sbr. lög nr. 14/2020, kunna breytingar þar á að leiða til skyldu til að birta viðauka við lýsinguna.

Endanleg ákvörðun um úthlutun til fjárfesta er í höndum viðskiptavinar, sem jafnframt ber ábyrgð á henni. Eftir því sem við á munu Fossar því ávallt leita samþykkis viðskiptavinar á tillögu um úthlutun, sbr. nánar grein 3. Viðskiptavinum er að jafnaði heimilt að hafna tilboðum frá fjárfestum, án sérstaks rökstuðnings.

3 Tillaga að úthlutun

Við úthlutunarferlið og val á fjárfestum vegna viðskipta með fjármálagerninga starfar bankinn eingöngu í þágu viðskiptavinar. Ferlið byggir á meginreglu um sanngirni og gagnsæi og á að tryggja að hagsmunir fjárfesta og/eða bankans verði ekki teknir fram fyrir hagsmuni útgefanda. Bankinn aðstoðar við val á fjárfestum og gerir tillögu að

úthlutun eftir yfirferð framlagðra tilboða óski útgefandi eftir því. Slík tillaga skal taka tillit til markmiða, leiðbeininga eða óska viðskiptavinar, ef einhverjar eru, og leggja tillögu að úthlutun til fjárfesta fyrir útgefanda til samþykktar.

Tillaga að úthlutun ræðst af atvikum og aðstæðum hverju sinni, einkum óskum útgefanda, sbr. nánar grein 2, sem og upplýsingum sem aflað er frá hugsanlegum fjárfestum í útboðsferlinu.

Tillögu að úthlutun skulu fylgja upplýsingar um þau atriði sem lögð voru til grundvallar. Feli tillaga í sér að tilboð tiltekinna fjárfesta eru skert að öllu leyti eða að hluta, umfram aðra fjárfesta, eða skert hlutfallslega minna, miðað við aðra fjárfesta, skal upplýsa um hvað liggja þar að baki.

Jafnræði fjárfesta myndi almennt vera haft að leiðarljósi þegar tillaga að úthlutun er gerð. Jafnframt ber að gæta að því hvaða markhópur hefur verið afmarkaður fyrir viðkomandi fjármálagerning, í samræmi við ákvæði laga og reglur bankans um vörustjórnun.

Aðrir þættir sem einnig kunna að hafa þýðingu við gerð tillögu að úthlutun eru taldir upp hér að neðan, til glöggvunar. Ekki er um tæmandi talningu að ræða.

- a) stærð tilboðs (bæði almennt og sem hlutfall eignasafns eða eigna í stýringu),
- b) hvort og þá að hvaða marki áhugi fjárfestis og stærð tilboðs samræmast fjárfestingarstefnu, markmiðum og fjárhagsstöðu hans,
- c) hve lengi fjárfestir hyggst halda á viðkomandi fjármálagerningi í kjölfar útboðs,
- d) tegund fjárfestis (s.s. lífeyrissjóður, verðbréfasjóður, sérhæfður sjóður, vísitölusjóður) og flokkun (almennir fjárfestar, fagfjárfestar, viðurkenndir gagnaðilar),
- e) áhugi fjárfestis á viðskiptavini og viðkomandi útboði, til dæmis þátttaka hans í fjárfestakynningum (e. roadshows) og öðrum samskiptum við viðskiptavin;
- f) tímasetning áhuga fjárfestis, einkum hvort að áhugi kemur fram á síðari stigum;
- g) hagsmunir fjárfestis af viðkomandi fjármálagerningum, fyrri viðskipti hans með þá eða fjármálagerninga annarra útgefenda,
- h) yfirlýsingar fjárfestis um áætlanir sínar og trúverðugleiki slíkra yfirlýsinga, einkum í ljósi aðkomu hans í öðrum útboðum,
- i) hvort ástæða sé til að ætla að fjárfestir hafi ýkt raunverulegan áhuga sinn í ljósi væntinga um að tilboð hans verði skert hlutfallslega,
- j) landfræðileg staðsetning fjárfestis og starfssvæði; og
- k) starfsemi fjárfestis og áherslur.

Tillaga Fossa, og ef við á annarra umsjónaraðila, að úthlutun til sín eða aðila innan samstæðu skal samræmast óskum viðskiptavinar samkvæmt grein 2 og þeim atriðum sem nefnd eru í þessari grein 3.

Hvorki bankinn né aðrir umsjónaraðilar útboðs eða aðilar sem þeim tengjast munu njóta sérstakrar ívilnunar eða forgangs við úthlutun samanborið við aðra sambærilega fjárfesta (sömu tegundar eða sem sinna sambærilegri starfsemi). Athygli viðskiptavinar skal sérstaklega vakin á tillögu að úthlutun til Fossa, annarra umsjónaraðila og aðila sem þeim tengjast (samkvæmt bestu vitund Fossa).

4 Réttarheimildir



Úthlutunarstefna þessi er sett með vísan til laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra, einkum 40. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565.